

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 6. mars og 19. júní 2001 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum í Garðabæ og Hafnarfirði.

Farið var með tillöguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar lýsir því yfir að bætt verði sannanlegt tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 17. september 2001.*

F.h. Hafnarfjarðarbæjar,

**Hafðís Hafliðadóttir** skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag miðsvæðis við Bæjarbraut milli Silfurtúns og Mýra í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 21. ágúst 2001 tillögu að deiliskipulagi miðsvæðis við Bæjarbraut milli Silfurtúns og Mýra. Í deiliskipulaginu felst m.a. að lóðastærðum er breytt, afmarkaður er byggingarreitur fyrir nýbyggingu á lóð skáta og notkun útivistarsvæðis er skilgreind.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 20. september 2001.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkti á fundi sínum þann 24. apríl 2001 tillögu að deiliskipulagi við Vatnsnesveg í Keflavík, Reykjanesbæ. Tillagan nær til reits sem afmarkast af Vatnsnesvegi, Suðurgötu, Heiðarvegi og Sólvallagötu.

Á lóðinni Vatnsnesvegi 29 er gert ráð fyrir fjölbýlishúsi, 6<sup>1</sup>/<sub>2</sub> hæð, með allt að 25 íbúðum. Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjanesbæ, 20. september 2001.*

**Ellert Eiríksson** bæjarstjóri.